Eik fasteignafélag hf.
Sóltún 26
105 Reykjavík

**29. ágúst 2024**

# Staðfesting og könnun PwC á útreikningum sérstakra skilyrða skuldabréfaflokksins EIK 141233

Í tengslum við þjónustusamning PricewaterhouseCoopers ehf. („PwC“) við Eik fasteignafélag hf. („Eik“), undirritaður 9. október 2017 í tengslum við hlutverk sitt sem eftirlitsaðili, birtir PwC hér niðurstöður vegna skuldabréfaflokksins EIK 141233.

Eftirlitsaðili skal staðfesta og kanna sjálfstætt útreikning útgefanda (Eik) á sérstökum skilyrðum, þ.e. sjóðstreymis- og eiginfjárkvöðum og fjárhæð tryggingabréfa, eins og þau eru skilgreind í skuldabréfaflokknum. Efnahagsliðir miðast við punktstöðu á uppgjörsdegi og rekstrarliðir við undangengna tólf mánuði frá uppgjörsdegi. Staðfestingin og könnunin skiptist í sérstök fjárhagsleg skilyrði og tryggingaskilyrði sbr. hér að neðan.

| Fjárhagsleg skilyrði | | Skilyrði | Niðurstaða útreiknings | Skilyrði staðist |
|---|---|---|---|---|
| Sjóðstreymiskvöð: | Hreinar leigutekjur deilt með reiknuðum vöxtum á tólf mánaða tímabili. | Aldrei lægra en 1,5 | 2,35 | **Já** |
| Eiginfjárkvöð: | Eiginfjárhlutfall án óefnislegra eigna á prófunardegi. | Aldrei lægra en 20% | 33,1% | **Já** |
| Tryggingaleg skilyrði | | | | |
| Sjóðstreymiskvöð: | Hreinar leigutekjur veðandlagsins deilt með reiknuðum vöxtum af nettó veðskuldum (án verðbóta og gengisbreytinga) á tólf mánaða tímabili. | Aldrei lægra en 1,65 | 2,49 | **Já** |
| Veðsetningarhlutfall: | Hlutfall nettó veðskulda miðað við bókfært virði veðandlagsins. | Aldrei hærra en 75%. | 60,8% | **Já** |

**PwC staðfestir hér með að skuldabréfaflokkurinn EIK 141233 stenst öll ofangreind skilyrði miðað við dagsetninguna 30.6.2024.**